

Reglur um aganefnd

REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.
2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan **30** daga frá umræddu broti annars telst það fyrnt. **Undir aganefnd heyra einnig atvik sem eiga sér stað í ferðum á vegum KAÍ og getur aganefnd tekið slík mál til skoðunar samkvæmt ábendingu eða að eigin frumkvæði.**
3. gr. Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. **Nefndin er ákvörðunarhæf þegar meirihluti nefndarmanna mætir á fund og getur tekið fyrir kærur og úrskurðað. Boða skal þann kærða á fund nefndarinnar eða bjóða honum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri skriflega áður en ákvörðun er tekin. Nefndarmenn skulu sjálfir ákvarða hvort þeir eru vanhæfir til að fjalla um ákveðnar kærur. Birta skal úrskurð nefndarinnar opinberlega á heimasíðu KAÍ innan 1 mánaðar frá því að úrskurðað hefur verið og hlutaðeigandi hefur verið birtur úrskurðurinn.**
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot á keppnisreglum Alþjóða Karatesambandsins og öðrum reglum samþykktum af stjórn KAÍ. **Aganefnd getur úrskurðað um brot allra þeirra sem koma að starfi KAÍ svo sem, keppenda, þjálfara, liðsstjóra, liðsfélaga, dómara, starfsmanna, sjálfboðaliða og forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.**
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða **þátttökubann** sem er lengra en **6 mánuðir**. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþróttá- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.
7. gr. Brot flokkast sem hér segir:
 - 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti.
 - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
 - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn – eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
 - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
 - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr. Viðurlög vegna brota flokkast þannig:
 - 8.1 Ef **hin kærði** hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 – 7.4 skal aganefnd veita honum **skriflega** áminningu.
 - 8.2 Ef **kærða** er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 – 7.4 getur aganefnd refsað honum með

þátttökubanni frá öllu starfi á vegum KAÍ í allt að 3 mánuði og ef um endurtekin brot er að ræða getur þátttökubannið varað í allt að 6, 9 eða 12 mánuði.

8.3 Ef dómara ráð hefur vísað kærða af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með þátttökubanni frá öllu starfi á vegum KAÍ í allt að 6 mánuði. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.

8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðar þátttökubann.

9. gr Brot félagsliða (eða sveita):

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

Refsing við því getur orðið sekt, brottrekstur úr keppni, stigatap eða leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

10. gr Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er hægt að útiloka viðkomandi frá mótum á vegum KAÍ. Einnig er heimilt að sekta lið eða svipta lið (eða sveit) stigum eða rétti til að halda áfram, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007

Síðast breytt á 22. ársþingi KAÍ 14. mars 2009